

**Menning og samfélagsleg þróun – Málþing Byggðastofnunar um byggðapróun við breyttar aðstæður 28. nóvember 2008.**

**Karitas H. Gunnarsdóttir skrifstofustjóri menningarmála, menntamálaráðuneyti**

Fundarstjóri, ágæta samkoma.

Ég vil byrja á því að þakka fyrir þetta tækifæri fyrir hönd menntamálaráðuneytis að taka þátt í umræðum um hlut menntunar, menningar og samfélags í undirbúningi að næstu byggðaáætlunar.

Umræða um byggðamál hefur mjög beinst að málefnum atvinnulífs, samgöngum og í auknum mæli menntamálum en minni gaumur var lengi gefinn að menningarlífínu. Í pólitískri umræðu dagsins er rætt um hvar skapist störf í landinu. Þá er líka hávær umræða um að miklu skipti að stjórnvöld stefni að því að störf verði með sem fjölbreyttustum hætti á landinu.

Sú samfélagsþróun sem átt hefur sér stað á undanförunum áratug er gríðarleg. Við búum nú í menntaðra samfélagi þar sem við eigum þess kost að afla okkur menntunar við hæfi. Við gerum einnig kröfur til samfélagsins að geta starfað við það sem við höfum aflað okkur menntunar til. Við gerum líka þær kröfur að störf séu í boði við okkar hæfi sem allra víðast um landið.

Nú er það almennt viðurkennt að menningarmál séu hluti af því samfélagi sem við viljum búa í og mikilvæg atvinnugrein. Þau séu ekki einungis fyrir fólk að njóta og taka þátt í almennu áhugastarfi, heldur er þáttur menningar í efnahagsmálum þjóðarinnar nú orðinn stærri en landbúnaður. Víða um lönd er nú bent á í ræðu og riti að atvinnuuppbygging þessarar aldar muni ekki síst liggja á sviði

menningarmála, eða eins og sumir kalla þetta nú orðið, í skapandi atvinnugreinum sem og menningartengda ferðaþjónustu er augljóst að hér liggja tækifærin til framtíðar.

Núna, er við stöndum á tímamótum og frammi fyrir mjög svo breyttum aðstæðum er nauðsynlegt fyrir okkur sem hér eigum saman stund í dag að skoða það sem gert hefur verið af hálfu stjórnvalda á síðustu árum í því skyni að bjóða upp á möguleika til menntunar sem víðast um landið og störf við hæfi. Því brýnt er að byggja á góðum grunni og brýnt er að sjá saman hvernig hægt er að nýta og þróa betur það sem komið hefur verið á fót, hvort heldur er á sviði menntunar, menningar eða annarra málaflokka.

Í skýrslum og úttektum fræðimanna hefur ítrekað komið fram að forsendur fyrir byggð á Íslandi í framtíðinni byggir ekki síst á möguleikum fólks til menntunar og menningar. Á undanförunum áratug eða svo hefur ráðuneytið beint sjónum sínum enn meir en áður og fjármunum til að efla þessar stöðir utan höfuðborgarsvæðisins. Menntamálaráðherra hefur líka margoft sagt að mennta- og menningarmálaráðuneytið sé mikilvægasta byggðaráðuneytið því viðurkenna verði breytta veruleika, breytt umhverfi og horfa á sóknarfæri, raunveruleg sóknarfæri sem tengjast uppbyggingu menntunar og menningar um land allt. Menntamálaráðuneytið hafi því gert menningarsamninga og byggt upp þekkingarsetur og háskóla sem lið í nýtingu sóknarfæra.

Það liggur í hlutarins eðli að grunnskylda stjórnvalda er að menntun og menning nái til alls landsins. Og hér byggjum við á góðum grunni, því að í góðari síðastliðinna ára hefur mikið verið gert. Menntakerfið okkar er öflugt, nýleg lög um leik-, grunn og framhaldsskóla sem samþykkt voru á árinu, auk nýlegra háskólalaga, eru einstakt tækifæri

fyrir ríki og sveitarfélög um land allt að haga námi og námsframboði með nýjum áherslum.

Það er sífellt umræðuefni hversu miklum fjármunum eigi að verja í steinsteypu og hvort það sé ekki sjálf starfsemin sem eigi fyrst og fremst að hlúa að, þegar um takmarkað fjármagn er um að ræða. En við komust hins vegar ekki hjá því að öll starfsemi þarf á húsakynnum að halda. Og ríki og sveitarfélög hafa á undanförunum árum sett mikla fjármuni í stofnkostnað. Ég vil nefna að framhaldsskólar er 32 um land allt, háskólar 7, Símenntunarmiðstöðvar eru níu auk fræðasetra. Og svo er það ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá árinu 1999 um að byggja 5 menningarhús um landið í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög. Lokið er við menningarhúsið á Ísafirði, en þeirra ákvörðun var að nýta 3 eldri hús á staðnum sem þeirra menningarhús. Við sjáum fram á að Hof hið nýja menningarhús ásamt tónlistarskóla Akureyrar verði komið í notkun síðla næsta árs, einnig er verið að ljúka við endurbætur á Miðgarði í Skagafirði. Á Sauðárkróki, Egilsstöðum og Vestmannaeyjum er verið að vinna að undirbúningi. Þá hefur verið veitt umtalsverðum stofnstyrkjum verið veitt til safna. Þessar byggingar geta og eiga að gegna miklu hlutverki í skapandi starfi.

Þá reka sveitarfélög grunnskólana, tónlistarskólana, almenningsbókasöfnin, menningarmiðstöðvar, ungmennahús, félagsmiðstöðvar, sparkvelli og frjálsíþróttavelli og söfn svo nokkur dæmi séu tekin.

Stuðningur við menninguna, sjálf verkefni hefur verið treyst með margvíslegum hætti í samstarfi við sveitarfélög og aðra aðila. Ég nefni hér samstarf ríkis og Akureyrarbæjar um atvinnustarfsemi á

sviði lista þar. Með þessu samstarfi hefur tekist að byggja upp atvinnuleikhús á Akureyri sem ekki lengur þarf að berjast fyrir tilvist sinni heldur er mikilvægt mótvægi við starfsemi atvinnuleikhúsanna í Reykjavík. Svo á einnig við um Listasafnið á Akureyri og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Fyrir samfélagsþróunina hefur þessi starfsemi skipt miklu. Það er til dæmis mjög mikilvægt fyrir tónlistarkennara og tónlistarnemendur sem komnir er langt í sínu námi víða um landið að hafa tækifæri á að starfa með hljómsveitinni.

Menningarsamningar við landsbyggðina eru nokkuð nýir af nálinni. Hinn fyrsti var gerður við Austurland árið 2001 en nú eru þeir sjö og ná til alls landsins utan höfuðborgarsvæðisins þannig að landið tengist nú með menningarsamningum. Þetta samstarf milli iðnaðarráðuneytis og menntamálaráðuneytis annars vegar og sveitarfélaga á hverju landssvæði er dæmi um samstarf sem virðist skila sér vel. Því það er ekki einungis tengslin sem skapast milli ríkis og sveitarfélaga sem og innan sveitarfélaganna í byggðarlögunum sjálfum sem skipta máli heldur sýnir reynslan að tengslin verða á landsvísu. Þannig eiga líka áhrif menningarsamninganna að vera í framtíðinni, að þeir geti orðið til þess að auka samvinnu og samskipti landshluta á milli. Hugmyndafræðin á bak við menningarsamningana er sú að það fjármagn sem til þeirra er veitt af hálfu ríkisins og sveitarfélaganna nýtist m.a. til að skapa störf á sviði menningarmála og um leið að samfélagið njóti öflugrar menningar.

Menningarfulltrúarnir, hver á sínu landsvæði, eiga einnig að vera virkir stefnumótun og þróun menningarmála og að aðstoða fólk við að skapa, vinna að og undirbúa verkefni þannig að þau fái brautargengi, þ.e. nái öflugum stuðningi. Umtalsverðum fjármunum er varið til þessara samninga og þeir skipta miklu fyrir byggðirnar og þeir skipta ráðuneytin einnig miklu að vel takist til og að þeir verði þróaðir áfram. Árangurinn er að störfum að menningarmálum hefur

fjölgað, tækifærin fjölbreyttari og ný verkefni hafa bæst við það sem fyrir er.

Með samningi menntamálaráðuneytisins og Háskóla Íslands leggur ráðuneytið mikla fjármuni beint til fræðasetra Háskóla Íslands og annarra fræða- og þekkingarsetra utan Reykjavíkur. Eitt af mikilvægari markmiðum samningsins er að styrkja grundvöll kennslu, rannsókna og fræðistarfa á landinu öllu. Og með því móti verði byggt upp með skipulegum hætti starfsemi sem miði að því að nýta, afla og miðla þekkingu Háskóla Íslands til landsbyggðarinnar. Háskólanum er síðan gert að efla sérstaklega samstarf við fræða- og þekkingarsetur á öllu landinu.

Ég hef hér nefnt nokkrar af helstu stoðunum sem við byggjum menntakerfið og menningarmálin á til þess að geta áttað okkur betur á í umræðum síðar í dag hvað við raunverulega höfum og hvernig við sjáum hlutverk þeirra á þessum tímum í byggðaáætlun sem mun, nú sem aldrei fyrr, skipta miklu máli. Þegar horft er til nýrrar byggðaáætlunar er mikilvægt að sjá hvar styrkur okkar liggur og hverjir séu veikleikarnir. Á hverju eigi að byggja og hverju megi sleppa.

Fyrir utan það sem ég hef nefnt á því sviði sem ég tilheyri, er margur annar stuðningur. Ég hef ekki kynnt mér hann allan, en ég veit og vil nefna hér t.d. vaxtasamningana sem er tiltölulega nýtt átak sem sjálfsagt er og eðlilegt að skoða í heildarmyndinni, einnig nýsköpunarmiðstöðvar, náttúrustofur, jöfnunarsjóðinn, Byggðastofnun, atvinnuþróunarfélögin, mótvægisáðgerðir, styrkveitingar sjóða, styrkveitingar á fjárlögum. En þessi heildaryfirsýn verður að minnsta kosti að liggja skýr fyrir í nýrri byggðaáætlun. Það eru örugglega mörg fýsileg tækifæri hér að skoða

og sem veita þarf athygli í nýrri áætlun með nánara samstarfi þessara aðila allra. Við höfum ekki efni á nú um stundir að leika hvert á sínu leiksviði, hvert í sínu horni. Meginmarkmiðið er að byggja upp saman öfluga starfsemi í helstu byggðakjörnum landsins. Við þurfum að velta upp öllum möguleikum í því skyni að ná fram betri þekkingu, öflugra starfi og betra samfélagi.

Ný byggðastefna getur ekki byggst einungis upp á góðri sátt við ríkisvaldið. Sveitarfélög bera líka ábyrgð á því mannlífi sem þar þrífst. Eins og ég sagði áðan eru skólarnir núna orðnir sjálfstæðari en fyrr og sveitarfélög þurfa að koma að því betur að tengja annað starf á vegum sveitarfélaganna betur inn í starf skóla og þó slíkt eigi sér þegar stað sums staðar. Sveitarfélagið Árborg tengir til dæmis saman á áhugaverðan hátt starf skólanna í íþróttum, forvörnum, heilsugæslu og æskulýðsmálum. Þetta er það sem ég á við að starfsemi sem fyrir er taki höndum saman til að ná betri árangri og markvissara starfi.

Stór hópur íbúa þessa lands eru nefnilega börn og ungmenni. Í starfi með þeim eru fjölmörg tækifæri til atvinnusköpunar.

Tómstundabrautin við menntavísindasvið Háskóla Íslands menntar fólk til að vinna með ungu fólki. Þarna þurfa Samtök sveitarfélaga að taka sig á og vinna meira á svæðislegum forsendum því slíkt styrkir svæðið, stuðlar að betra sambandi barna og unglinga og kynnum, betri samstöðu og getu og þau eiga hér að nýta Félagsmiðstöðvar æskulýðsfélög. Það á auðvitað að gefa öllum unglingum tækifæri á að taka þátt í starfi, t.d. Skrekks, Stíls og í músíktíraunum.

Menningarfulltrúar ættu að taka frumkvæði að því skoða æskulýðsstarf á sínu svæði og hvetja ungt fólk til starfa með öðrum. Til að gott samfélag verði betra þarf ungt fólk og börn að hafa vettvang og hann þarf ekki alltaf að búa til, hann er oft fyrir hendi.

Eins og t.d. skátarnir, æskulýðsstarf kirkjunnar og unglíngastarf slysavarnarfélagssins Landsbjargar. En til þess að starfið verði markvísst þarf leiðbeinendur með menntun og þekkingu á starfi með börnum. Mikilvægi sjálfboðaliðahreyfinga verður aldrei ofmetið en að því þarf að hlúa. Menningarstarfi ungs fólks er heldur ekki nægilegur gaumur gefinn, listfræðslan og listmenntun í skólum er undirstaða en menning sem unga fólkið býr til sjálft þarf allrar athygli við.

Byggðastefna þarf líka að taka til íþróttar og mikilvægi þeirra í samfélaginu. Ég veit að t.d. afreksbrautir í íþróttum þar sem þær hafa verið stofnaðar hafa breytt miklu í mannlífi byggðanna. Unglíngarnir gera samning um heilbriggt lífni og að stunda sínar æfingar og nám. Þetta leiðir til heilbrigðara lífennis sem smitar út frá sér og bætir unglíngamennina.

Og talandi um íþróttir þá hefur náðst fram áralangt baráttumál íþróttafélaga og annarra um ferðastyrki, það er raunveruleg byggðastefna það.

Innan stofnana býr mikil þekking. Þær eru hins vegar of margar örstofnanirnar, bæði í Reykjavík og utan borgarinnar. Því eru það of margir einstaklingar sem fá ekki nauðsynlegan faglegan eða félagslegan stuðning. Mikill kraftur felst í því að stofnanir af margvíslegum toga starfi saman, bæði heima fyrir og einnig í nánu samstarfi við stofnanir annars staðar, en hér þarf enn frekari hvatning að koma til því maður er manns gaman. Vissulega er góð þróun sem við sjáum eiga sér stað innan þekkingarsetra, en samt sem áður eru dyr víða lokaðar. Við þurfum að opna dyrnar fyrir nýju samstarfi þannig að þar geti nærsamfélagið sótt stuðning. Það er líka rétt og sjálfsagt að stjórnvöld styðji við en þó ekki þannig að þau rétti stofnanir fullbúnar til þeirra. Lykilatriði er að fyrir sé félagsleg

forsenda heima fyrir og samfélagsleg ábyrgð sveitarfélagsins. Þetta er og verður langhlaup vegna þess að hugmyndir verða að koma frá heimamönnum og framkvæmdalegur burður verður að vera þar fyrir hendi. Við berum einnig öll ábyrgð á því að 300 þúsund manna samfélag hafi styrk til að standa alþjóðlegan samanburð. Því getum við ekki leyft okkur þá hugsun að það séu einungis byggðasjónarmið að stofnanir á vegum ríkisins séu staðsettar utan höfuðborgarsvæðisins. Við getum langt því frá verið alls staðar og ætlum heldur ekki að gera það. Stjórnvöld eiga hins vegar með öflugum hætti að veita stuðning starfsemi sem augljóst er að nýtur stuðnings byggðarinnar og hefur samfélagslega mikla þýðingu. Stofnanir þær sem fyrir eru eiga þar að vera virkir aðilar.

Við þurfum líka að hugsa á landsvísu. Landsbyggðin hefur það örugglega fram yfir höfuðborgarsvæðið að þar er oft meiri djörfung að efna til nýjunga og hugsa opið og opna fyrir samstarfi vegna margra aðila. Samstarf framhaldsskóla landshluta á milli er feikilega spennandi viðfangsefni, þar sem fjarnámstæknin nýtist ekki síst. Það liggur líka augljóslega við að nánara samstarf símenntunarmiðstöðva og framhaldsskóla mun og á að eiga sér stað.

En auðvitað verður fyrst og fremst að koma til raunverulegur áhugi á því að vinna saman, sem byggir á aukinni samvinnu, stundum samruna og samstarfi margra ólíkra aðila og stjórnvalda. Næsta byggðaáætlun verður nefnilega að setja markið hátt í þessum efnum í því skyni að bæta gæðin enn frekar en orðið er.

Mennta- og menningargeirinn er orðinn stór atvinnugrein og fer vaxandi. Stjórnvöldum ber skylda til að starfa náið saman með atvinnulífinu meðal annars með því að kynna nýja möguleika og laða að atvinnulífið til þátttöku. Meðal annars með því að taka þátt í



nýjum námsleiðum og nýjum verkefnum á menningar sviðinu sem myndi felast í stórefldu samstarfi og samvinnu mennta- og menningarstofnana við atvinnulífið. Fjarvinnsla eru t.d. starfsemi sem hefur enn sem fyrr mikla vaxtarmöguleika, ekki síst innan menningararfsins, þar sem gríðarlega mikið er enn óunnið að koma þar efni á stafrænt form. En ekki síður er afar brýnt að bæta geymsluaðstöðu menningarstofnana innan og utan Reykjavíkur og standa við bakið á þeim sem vilja efla slíkt starf utan Reykjavíkur. Því geymslur menningarverðmæta þurfa fyrst og fremst að vera öruggar en ekki fjarlægðin skiptir minna máli með flest það sem geymt er í geymslum. Á þessu sviði gætu örugglega skapast mörg störf.

Nú er lag að hvetja til frekari tækifæra í menntun, ekki síst á sviði starfsnáms þar sem atvinnulífið á að tengist með virkum hætti starfi skóla, eins og mér skilst að gerist t.d. á Ísafirði með námi í bátasmíði og skútuprófum og ferðamennsku. Eða ný tækifæri í samstarfi tónlistarskóla við aðrar menntastofnanir, að ég tali ekki um öll söfnin í landinu sem munu ekkert annað en eflast á næstu árum sé gætt þar að nýjum tækifærum, nýsköpun og fleiri tækifærum til menntunar á þeim sviðum. Þar er brýnt að til komi námsskrá í safnamenntun.

Innan símenntunarmiðstöðvanna eru þau námskeið sem tengjast hönnun venjulega þau allra vinsælustu. En til að koma listgreininni hönnun á framfæri líkt og með bókmenntir eða kvikmyndir þarf framleiðslu. Það þarf iðnaðinn með. Fatahönnun þarf saumaskap, bækur þarf að prenta, kvikmyndin þarf tæknifólk. Á Íslandi starfar t.d. orðið fyrirtæki á heimsvísu sem þó lætur sauma allan fatnaðinn erlendis. Margir ferðamenn telja hins vegar að flík sé ekki íslensk nema hún sé með öllu framleidd hér á landi. Hér eru augljóslega

nýsköpunartækifæri til staðar. Sóknartækifærin eru sannarlega landsbyggðinni í hag á þessum tímum.

Mannauður okkar Íslendinga og hugvit er okkar allra mesta auðlind. Margir vel menntaðir einstaklingar horfa nú til búsetu utan höfuðborgarsvæðisins, sem hefur einkennst af hraða og streitu. Við þurfum að sýna fram á að það fólk sem hyggur á búsetubreytingar eigi raunverulegan valkost úti á landi sem mótvægi við útlandið. Því það er nú ekki lengur spurningin um að verja landsbyggðina hruni, heldur allt landið. Og því verðum við, því oft var þörf en nú er nauðsyn, að horfa á hlutina með nýjum augum.

En það þarf ekki alltaf að finna upp hjólið eins og ég hef reynt hér að brýna fyrir okkur. Í skýrslu sem Samband íslenskra sveitarfélaga, Byggðastofnun og ráðuneytið stóðu að árið 2000 um menningarmál á landsbyggðinni hefur að geyma tillögur sem enn eru í fullu gildi. Ein þeirra er að kannaðar verði leiðir til að laða listamenn til búsetu utan Reykjavíkur, með því t.d. að bjóða þeim aðstöðu til listsköpunar um leið og þeir myndu taka þátt í listfræðslu af ýmsu tagi. Svona hugmyndir þurfa að fá brautargengi því ekki einungis myndi slíkt bæta samfélagið þar, heldur allt samfélagið á Íslandi, því okkur er í mun að listamenn þjóðarinnar þekki allt samfélagið sitt.

Við horfum nú, því miður, fram á samdrátt og aðhald í ríkisbúskapnum, eftir mörg hagsældarár. Nú ríður á að við nýtum sem allra best þá uppbyggingu sem í hefur verið lagt, tileinkum okkur nýja hugsun, og einbeitum okkur að því að skapa aðstæður fyrir unga fólk, þeirra þarfir, væntingar og þrár. Búum til klasa í safnamálum, aukum samvinnu stofnana og sameinum ef kostur er, förum betur með fjármagnið og nýtum okkur byggðaáætlun til þessa. Hlúum að þeirri uppbyggingu og eflum hana. Það er brýnt að verja það sem gott

er og horfir til framtíðar en verum líka nægilega hugrökk að viðurkenna að ekki séu öll verkefni sem í hefur verið ráðist og veitt til fjármuni á undanförunum árum þess virði að halda í. En gleymum aldrei menningarlegum dyggðum. Undirstaða félagsauðs er að fólk geti treyst hvert öðru.